

Tillaga starfshóps

um málefni fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

LOKADRÖG til kynningar í háskólaráði 19. maí nk.

Margir starfsmenn Háskólans sem láta af störfum fyrir aldurs sakir eru í fullu fjöri og við góða heilsu. Þess vegna er mikilvægt fyrir Háskóla Íslands að geta nýtt sér þekkingu þeirra og reynslu á ýmsan hátt og geta um leið hvatt þá til þess að halda áfram að vera virkir þátttakendur í háskólastarfinu. Háskólinn hefur því ákveðið að marka nýja og skýrari stefnu í málefnum þessara starfsmanna sem tekur mið af eftirfarandi tillögum. Þessar tillögur eru að nokkru leyti sniðnar eftir reglum og venjum sem tíðkast við ýmsa erlenda háskóla, en að hluta til er verið að festa í sessi fyrirkomulag sem hefur tíðkast á sumum fræðasviðum Háskólans en ekki öðrum.

I. Allir háskólastarfsmenn á eftirlaunum geta notið eftirtalinna réttinda ef þeir óska þess:

- a. að halda háskólanetfangi sínu um ótiltekinn tíma
- b. að vera á skrá (t.d. sem *emeriti*) yfir starfsmenn hlutaðeigandi deildar/stofnunar
- c. að halda heimasíðu sinni á vegum Háskólans ef því er að skipta
- d. að birta ritsmíðar sínar í nafni Háskólans og viðkomandi deildar/stofnunar
- e. að halda áfram að nýta sér bóka- og gagnasöfn tengd Háskólanum
- f. að nýta sér íþróttaaðstöðu Háskólans og taka þátt í ýmiss konar félagsstarfi sem Háskólinn býður starfsfólki sínu, svo sem árshátíðum og öðrum skemmtunum á vegum skólans eða einstakra deilda, starfsemi Skólabæjarhópsins o.s.frv.

II. Akadémískir starfsmenn á eftirlaunum (hér oft nefndir *emeriti* að gamalli hefð).

1. *Hvatning til áframhaldandi rannsókna.* Til þess að hvetja *emeriti* til þess að halda áfram rannsóknum sínum er lagt til:

- a. að rannsóknastig *emerita* verði talin með í deililíkani Háskólans og hafi þar með áhrif á skiptingu fjár milli fræðasviða og deilda
- b. að um „mótframlög“ vegna styrkja sem *emeriti* afla gilda sömu reglur og um önnur mótframlög innan Háskólans
- c. að stofna sérstakan sjóð sem verði notaður til að veita *emeriti* hliðstæða umbun fyrir birtingar sínar og aðrir akademískir starfsmenn fá úr ritlauna- eða vinnumatssjóðum.

2. *Tímabundnir samningar um verkefni og aðstöðu.* Til þess að auðvelda *emeriti* sem enn eru virkir í rannsóknum að halda áfram að sinna þeim, ásamt öðrum verkefnum, og til að nýta sem best reynslu þeirra og þekkingu á hverjum tíma, er lagt til að fræðasvið, eða eftir atvikum stofnanir, verði hvött til að gera tímabundna samninga við *emeriti*. Slíkir samningar geta tekið til eftirtalinna atriða til dæmis (sjá nánar í meðfylgjandi sýnishorni af samningi):

- a. leiðbeining meistaranema
- b. seta í doktorsnefnd
- c. leiðbeining doktorsnema
- d. kennsla
- e. stjórnun, ráðgjöf og trúnaðarstörf af ýmsu tagi
- f. vinnuástaða (t.d. vegna rannsókna eða samskipta við nemendur)
- g. þjónusta Reiknistofnunar Háskólans (t.d. vegna varðveislu rannsóknagagna og tölvuþjónustu)
- h. aðgangur að sérhæfðri rannsóknnaðstöðu (t.d. tilraunastofu eða rannsóknastofu)

- i. pósthjónusta, ljósritun o.s.frv. í samræmi við þær reglur sem gilda um fasta starfsmenn á viðkomandi sviði
3. *Aðgangur að sjóðum.* Þeir akademísku starfsmenn á eftirlaunum sem gera tímabundna samninga við Háskólann um rannsóknaaðstöðu skv. gr. II.2 skulu sýna fram á virkni í rannsóknum og birta verk sín í nafni Háskólans og viðkomandi deildar/stofnunar. Slíkur samningur og virkni í rannsóknum veitir emeriti rétt til að sækja um styrki í eftirtalda sjóði meðan hann er í gildi:
- a. Rannsóknasjóður Háskólans
 - b. Sáttmálasjóður vegna fyrirlestrahalds á erlendum ráðstefnum.

III. Starfsfólk stjórnsýslu

- a. Heimilt verði að gera tímabundna samninga um afmörkuð verkefni við fyrrverandi starfsfólk stjórnsýslu á eftirlaunum sem sinnt hefur sérhæfðum verkefnum í starfi við Háskólann.
- b. Enn fremur verði heimilt að skipa fyrrverandi starfsmenn í stjórnsýslu í starfshópa á vegum Háskólans, þar sem sérþekking þeirra nýtist.

Greinargerð

Starfshópur um málefni emerita og annars fyrrverandi starfsfólks safnaði m.a. tvenns konar gögnum til að styðjast við í vinnu sinni. Annars vegar voru skoðaðar reglur um réttindi og skyldur emerita í ýmsum nágrannalöndum og hins vegar var í viðhorfskönnun leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna við Háskóla Íslands sem eru í þann veginn að fara á eftirlaun eða hafa nýlega farið á eftirlaun. Hér eru talin nokkur atriði sem komu fram í þessari efnissöfnun og starfshópurinn tók mið af í tillögugerð sinni.

Um rannsóknir og rannsóknavirkni

- Margir emeriti eru að vinna að rannsóknaverkefnum sem er ekki lokið og sjá fram á að geta varið meiri tíma til rannsókna en þó ekki síður til birtinga á niðurstöðum þegar þeir þurfa ekki lengur að sinna kennslu. Þar sem þessar rannsóknir voru yfirleitt unnar meðan viðkomandi starfsmenn voru í fullu starfi, og þá oft í tengslum við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir, er sanngjarnt að skólinn og stofnunin/deildin fái að njóta afrakstursins.
- Það myndi hvetja viðkomandi starfsmenn til að ljúka rannsóknum sínum og birtingum ef þeir fengju hliðstæða umbun fyrir birtingar og fastir starfsmenn. Ef viðkomandi deild eða stofnun nýtur birtinganna þegar fjármunum er skipt innan Háskólans eru það viðbótarrök fyrir því að emeritus fái umbun fyrir birtingar.
- Vegna þess að greiðslur úr „Ritlaunasjóði“ fastra starfsmanna við Háskólann eru tengdar kjarasamningum geta emeriti ekki fengið greiðslur úr þeim sjóði að óbreyttu umfram það eina ár sem þegar hefur verið samið um (birtingar á því ári þegar emeritus lætur af störfum). Þess vegna er nauðsynlegt að stofna sérstakan sjóð sem yrði nýttur í þessu skyni, líkt og þegar hefur verið gert fyrir nýdoktora við Háskóla Íslands.
- Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hefur nýst þeim starfsmönnum vel sem þurfa á tiltölulega litlum styrkjum að halda. Ef emeriti gætu sótt um styrki í sjóðinn gæti það bæði nýst þeim vel til að ljúka verkefnum sem eru á lokastigi og hvatt til þess að fitja uppá nýjum.
- Þótt emeritus geti verið með rannsóknastyrk er oft óheimilt að nýta slíka styrki til að greiða kostnað vegna fyrirlestrahalds á ráðstefnum.

Um kennslu og leiðbeiningu

- Reyndir starfsmenn geta nýst vel til að leiðbeina nemendum í rannsóknaverkefnum, bæði meistaranemum og doktorsnemum, enda er oft skortur á sérfræðingum á tilteknum rannsóknasviðum.
- Gildandi reglur Háskóla Íslands um leiðbeiningu nemenda má túlka þannig að emeritus geti ekki verið aðalleiðbeinandi í framhaldsnámi þar sem hann er ekki „fastur starfsmaður“ samkvæmt skilgreiningu. Reglurnar hafa þó ekki alltaf verið túlkaðar á þennan hátt og ýmis dæmi eru um að emeriti hafi haldið áfram að leiðbeina doktorsnemum til dæmis. Þess vegna er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um þetta eins og hér er lagt til.
- Ýmsir starfsmenn á eftirlaunum gætu líka tekið að sér að kenna stök námskeið þegar þannig stendur á eða sjá um einstaka kennsluþætti í námskeiðum.

Um stjórnun og ráðgjöf

- Margir starfsmenn sem eru komnir á eftirlaun, bæði akademískir starfsmenn og sérfræðingar í stjórnsýslu, ættu vegna reynslu sinnar og þekkingar að vera eftirsóttir til ýmiss konar nefndar- eða ráðgjafarstarfa í tengslum við stjórnun.

Um aðstöðu

- Ýmsir starfsmenn á eftirlaunum hafa fengið að halda einhvers konar vinnuástöðu á vegum Háskólans og sum fræðasvið hafa sett sér ákveðnar reglur um þetta. Hins vegar vantar samræmdar reglur fyrir skólann í heild. Þessar tillögur eru að nokkru leyti sniðnar eftir fyrirkomulagi sem hefur tíðkast á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og Félagsvísindasviði.
- Það hlýtur auðvitað að ráðast af aðstæðum á viðkomandi fræðasviði á hverjum tíma hvers konar aðstöðu er hægt að bjóða í samningum af þessu tagi. Óskir og þarfir emerita á þessu sviði eru líka mjög ólíkar. Þess vegna verða samningarnir að vera einstaklingsbundnir. Þarfnar geta líka breyst frá ári til árs og þess vegna er nauðsynlegt að samningarnir séu tímabundnir, enda stuðlar það að góðri nýtingu húsnæðis og annarrar aðstöðu. Það er ekki skynsamlegt að aðstaðan sé ótímabundin.
- Það að emeritus hafi áfram einhverja aðstöðu í sinni deild/stofnun getur skipt máli fyrir virkni deildarinnar/stofnunarinnar almennt því að hann/hún er þá áfram hluti af þeim hópi sem þar starfar og stuðlar að því að mynda og viðhalda þeim „lágmarksmannafla“ (e. *critical mass*) sem skiptir máli fyrir viðkomandi svið eða grein.

Samkomulag deildar/stofnunar og fræðasviðs við emeritus eða fyrrverandi starfsfólk stjórnsýslu um verkefni og aðstöðu

Sýnishorn

1. Rannsóknir

NN sinnir áfram eftirtöldum rannsóknaverkefnum á vegum deildar/stofnunar:

- Yfirlit um rannsóknaverkefni sem NN hyggst sinna á samningatímanum.

NN birtir niðurstöður rannsókna sinna í nafni Háskóla Íslands og viðkomandi deildar/stofnunar.

2. Kennsla og leiðbeining

NN leiðbeinir meistaránemunum XX, YY ...

NN situr í doktorsnefnd XX, YY ...

NN er aðalleiðbeinandi doktorsnemanna XX, YY ...

NN sinnir kennslu í námskeiðinu XX ...

Sérstaklega er greitt fyrir þessi störf í samræmi við kjarasamning við félag prófessorar. Greitt er í samræmi við þann launaflokk sem NN var í þegar hann lauk störfum. Greitt er samkvæmt dagvinnutaxta 0.615%. Um laun fyrrverandi starfsfólks í stjórnsýslu gildir að miðað er við þau laun sem viðkomandi var á við starfslok.

3. Stjórnun og ráðgjöf

NN situr í nefnd um XX ...

Sérstaklega er greitt fyrir umfangsmikil stjórnunarstörf.

4. Aðstaða

NN hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu á vegum XX-deildar/stofnunar. Deildin/stofnunin stendur straum af kostnaði við þessa aðstöðu samkvæmt þeim reglum sem gilda að öðru leyti um aðstöðu starfsmanna. Aðstaðan felur í sér skrifborð, stól, bókahillu, tölvu, tölvuþjónustu, síma, rannsóknareikning og bókhaldsþjónustu.

Sérstaklega skal tiltaka hér ef samkomulagið veitir aðgang að rannsóknatækjum, rannsóknarými, geymslurými fyrir gögn og sýni eða að annarri sérhæfðri rannsóknaaðstöðu.

5. Rannsóknareikningur

Kostnaður við rannsóknir greiðist af rannsóknareikningi.

Um rannsóknareikninga gildir að ekki er heimilt að stofna til útgjalda umfram innistæðu.

6. Gildistími

Samkomulag þetta gildir til eins árs frá undirritun.

Undirritað af:

Fyrrverandi starfsmanni, deildarforseta og fræðasviðsforseta